

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Urðarhvarf 8. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 11. mars 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. mgr. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendahvarf - athafnasvæði fyrir lóðina nr. 8 við Urðarhvarf. Í breytingunni felst að nýrri innkeyrslu verði komið fyrir austan megin á neðra bílplanið, núverandi inn- og útkeyrslurampur verður aðeins fyrir útkeyrslu. Því er sett kvöð um gróðurker til að þrengja útkeyrsluna og létta ásynnd á svæðinu án þess að það hafi áhrif á sjónlengdir. Gönguleiðir fyrir fótgangandi verða merktar og aðskildar frá umferð ökutækja til að auka öryggi gangandi vegfarenda. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Bakkabraut 12. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúinn í Kópavogi 24. mars 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. mgr. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Kársneshöfn fyrir lóðina Bakkabraut 12. Í breytingunni felst heimild til að koma fyrir utanáliggjandi svölum á norðurhlið á 2. hæð núverandi byggingar á lóðinni. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Bakkabraut 14. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og umhverfissráð Kópavogs 3. febrúar 2025, með vísan til heimilda skv. 3. mgr. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Kársneshöfn fyrir lóðina Bakkabraut 14. Í breytingunni felst heimild til að koma fyrir utanáliggjandi svölum á norður- og suðurhlið á 2. hæð núverandi byggingar á lóðinni. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Austurkór 96. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 24. mars 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. mgr. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Rjúpnahæð, vesturhluti, fyrir lóðina nr. 96 við Austurkór. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits jarðhæðar um tvo metra til vesturs á hluta af sérafnotafleti eignarhluta 0101 og 0102 fyrir tvo sólskála.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Núpalind 7. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 12. maí 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Fífuhvammshvamslands, fyrir lóðina nr. 7 við Núpalind. Í breytingunni felst nýr byggingarreitur, um 14,3 m x 55 m að stærð, fyrir tvær færanlegar skólastofur. Fyrirhugaðar skólastofur verða samtals 203,26 m<sup>2</sup> á stærð, tengdar saman með tengigangi og á einni hæð. Hámarks þak- og vegg hæð frá gólfi mun vera um 4,08 m.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Flesjakór 8. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 12. maí 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla (Vatnsenda), fyrir lóðina nr. 8 við Flesjakór. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar um 5 x 5,5 m til suðvesturs fyrir svefnherbergi og gang á kjallarahæð. Hámark byggingarmagns á lóðinni eykst úr 226,4 m<sup>2</sup> í 262,3 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,48 í 0,56.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Salahverfi, reitir 9 og 11. Arnarnesvegur við Rjúpnaveg, breyting á stíg. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 10. febrúar 2025 með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Salahverfi, reitir 9 og 11 vegna breytingar á stígakerfi við Arnarnesveg við Rjúpnaveg. Núverandi stígur færir um 48 metra til norðurs þar sem stígurinn tengist inn á stíg sem kemur upp frá nýjum undirgöngum undir Arnarnesveg. Tilgangur færslu stígsins svo langt til norðurs er til að koma í veg fyrir færslu stofnlagna vatnsveitu og hitaveitu í tengslum við lagningu nýs Arnarnesvegur og byggingu nýrra undirganga. Til að gæta samræmis við aðliggjandi skipulagsáætlanir og vegna breyttrar staðsetningu undirganga eru stígatengingar til suðurs að fyrri legu undirganga fjarlægð. Að öðru leyti er vísað til deiliskipulagsuppráttar og gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 3. júní 2025.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 4. júní 2025